

Nd.

309. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Eysteini Jónssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

a. Í Reykjavík:		
Fyrir einstakling	kr. 900.00
— hjón	— 1800.00
— hvert barn	— 700.00
b. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa:		
Fyrir einstakling	kr. 800.00
— hjón	— 1600.00
— hvert barn	— 600.00
c. Annars staðar á landinu:		
Fyrir einstakling	kr. 700.00
— hjón	— 1400.00
— hvert barn	— 600.00

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.